



Msk 6

FASTEIGNAMAT RÍKISINS

BORGARTÚNI 21 - 105 REYKJAVÍK - SM 1111

SM 1111-1111 - 105 111111

Þórólfur Kristján Beck hrl.
Bólholti 4
105 Reykjavík

Efni: Endurmat á hluta úr Vatnsenda, Kópavogi

Með bréfi til Yfirfasteignamatsnefndar dagsettu 25. júlí s.l. kærðuð þér, f.h. umbjóðanda yðar, Magnúsar Hjaltsted, Vatnsenda, mat Fasteignamats ríkisins, dags. 28. júní s.l., á ofangreindri landsspildu. Með bréfi dags. 5. sept. s.l. vísaði Yfirfasteignamatsnefnd málinu til Fasteignamats ríkisins til úrskurðar, sbr. 21. gr. laga nr. 94/1976.

Við endurmat Fasteignamats ríkisins liggur fyrir bréf yðar til Yfirfasteignamatsnefndar dags. 21. ágúst s.l. um innlausn áður seldra veiðiréttinda, sbr. 3. gr. laga nr. 76/1970, sem horfi til verulegrar verðhækkunar á spildunni.

Það er mat Fasteignamats ríkisins, að svo margir óvissuþættir séu um þessa innlausn, að hún geti ekki leitt til hækkunar á gangverði landsspildunnar.

Því er felldur eftirfarandi

U R S K U R Ð U R:

Mat Fasteignamats ríkisins á landsspildunni frá 28.06. 1991 standi óbreytt.

Reykjavík, 6. sept. 1991

Magnús Ólafsson
forstjóri

Hjálagt: Bréf Yfirfasteignamatsnefndar 05.09.91

Afrit:
Yfirfasteignamatsnefnd
Skattstofa Reykjaness.